



## Héraðsnefnd Rangæinga

### Fundargerð

6. fundur Héraðsnefndar Rangæinga kjörtímabilið 2018 til 2022 haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 03. desember 2020 kl. 09:00.

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Guðmundur Viðarsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rafn Bergsson varamaður fyrir Lilju Einarsdóttur og Þorbergur Albertsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð. Einnig Andri Guðmundsson forstöðumaður Skógasafns og Ingvar Pétur Guðbjörnsson formaður stjórnar Skógasafns undir lið nr. 1. Formaður Héraðsnefndar Rangæinga, Anton Kári Halldórsson setur fundinn og býður fundarfólk velkomið. Hann leggur til að liður nr. 3 í fundarboði færist fremst í dagskrá og liður nr. 2 í fundarboði verði nr. 4. Engar athugasemdir gerðar við því.

#### Dagskrá.

##### 1. Fjárhagsáætlun Skógasafns

Andri Guðmundsson forstöðumaður og Ingvar Pétur Guðbjörnsson formaður stjórnar kynntu fjárhagsáætlun 2021. Gert er ráð fyrir tekjum að fjárhæð 90,7 millj. kr. og rekstrartapi að fjárhæð 21,8 millj. kr. Fjárhagsáætlun er lögð fram til kynningar en gert er ráð fyrir endurskoðun hennar þegar liðið verður á árið 2021. Héraðsnefnd þakkar þeim Andra og Ingvari Pétri fyrir greinargóða kynningu. Skógasafn óskar eftir fjárframlagi frá Héraðsnefndum að upphæð 12,0 millj. kr. vegna reksturs safnsins 2021. Héraðsnefnd fellst ekki á beint fjárframlag en leggur til að safnið leiti til Lánastofnunar sveitarfélaga um fyrirgreiðslu. Héraðsnefnd getur ekki fallist á að fallið verði frá endurskoðun ársreiknings Skógasafns en vill að leitað verði leiða til að lækka þann kostnað. Héraðsnefndin leggur til að starfsemi Héraðsskjalasafns verði óbreytt á árinu 2021. Héraðsnefnd hvetur til áframhaldandi viðræðna við Fjármálaráðuneytið um húsakost Skógaskóla og rekstur eignanna á yfirstandandi ári.

Héraðsnefnd beinir því til stjórnar Skógasafns að rýnt verði í rekstur samstæðunnar með tilliti til sjálfbærni.

## **2. Fundargerð Héraðsráðs frá 10. Nóvember 2020 til staðfestingar**

Fundargerðin samþykkt samhljóða

## **3. Styrkbeiðnir**

- 3.1. Samþykkt að veita Félagi eldri borgara í Rangárvallasýslu kr. 4.000.000,-  
Samþykkt samhljóða.
- 3.2. Samþykkt að veita Héraðsbókasafni Rangæinga kr. 1.000.000,-  
Samþykkt samhljóða.
- 2.3. Héraðsnefnd hafnar styrkveitingu til Gamla bæjarins í Múlakoti ses.  
Samþykkt samhljóða.

## **4. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Rangæinga.**

Gert er ráð fyrir tekjum að fjárhæð 15,6 millj. kr. og gjöldum að fjárhæð 15,6 millj. kr.  
Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

## **5. Önnur mál.**

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:15

Þorbergur Albertsson fundarritari.